

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dýravelferð, nr. 55/2013.

152. löggjafarþing 2021-2022. Þingskjal 15 – 15. mál.

Ritað af Bjarna Sævarssyni, hrossabónda og búvísindamanni að Arnarholti í Biskupstungum. Þann 7. janúar 2022.

Undirritaður leggst eindregið gegn samþykkt þessa frumvarps í heild sinni.

Varðandi 1. gr.

Í greinargerð er fylgir umræddu frumvarpi er fullyrt að hryssur sæti ofbeldi við framkvæmd blóðtöku. Því til stuðnings er nefndur áróður erlendra öfgasamtaka á veraldarvefnum sem kenna sig við dýravelferð. Hér er um tóman rógburð að ræða og getur ekki á nokkurn hátt þjónað sem rökstuðningur til banns við blóðtöku úr hryssum.

Staðreyndin er sú að komið er fram við þessar hryssur af virðingu eins og annað búfé hérlendis og er þessi búgrein ekki á nokkurn hátt frábrugðin öðrum búskap, þó reynt sé með rangindum að halda öðru fram.

Íslendingar geta verið stoltir af þessum hrossabúskap. Hann er eigi allítið framlag til loftslagsmála því notkun á hormóninu (eCG) sem unnið er úr blóði frá íslenskum merum sparar svínarækt heimsins um það bil milljón gyltur árlega sem annars þyrfti að ala og fóðra, með tilheyrandi sótspori, til að framleiða sama magn grísakjöts og nú er þegar gert.

Framleggjendur frumvarpsins furða sig á stóðhaldi íslenskra bænda og koma þar með upp um þekkingarleysi sitt á íslenskum búskap og menningu til sveita að fornu og nýju. Hérlendis er rík hefð fyrir stóðhrossahaldi og hefur verið frá landnámi, stóðmerar voru stolt fornanna og merki um auðlegð. Ísland er mjög vel til stóðræktar fallið með sína grasgefnu haga og afburða góða sjúkdómastöðu með tilliti til hrossasjúkdóma. Enda sanna dæmin að íslensk stóðhross eru hraust og stolt eigenda sinna.

Varðandi ímynd íslenska hestins á erlendri grund er aðeins það að segja að einu aðilarnir sem hafa svert ímynd hans eru erlendu öfgasamtökin Animal Welfare Foundation með sitt falsaða áróðursefni og innlendir fjölmiðlar sem hafa gerst ginningarfífl AWF með dreifingu efnisins. Það er ekkert athugavert við stóðhrossahald til blóðtöku.

Ísland er sannarlega land hrossa og mun verða það áfram ef þessi ólög verða ekki látin fram ganga. Með lögum skal land byggja en með ólögum eyða.

Varðandi 2. gr.

Lagt er til að eftir farandi texti verði felldur út: „Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Matvælastofnunar.“

Með því væri verið að sniðganga hlutverk Matvælastofnunar sem eftirlitsaðila málaflokksins. Slíkt er með öllu ótækt.

Varðandi 3. gr.

Að lög þessi öðluðust þegar gildi myndi skapa ríkinu umtalsverða skaðabótaskyldu gagnvart þeim aðilum er starfa á þessum vettvangi. Þeir aðilar hlaupa á hundruðum og skaðabótaupphæð myndi í heild mögulega hlaupa á milli 2 og 3 milljörðum króna, jafnvel meira.